

Hverfisnefnd Naustahverfis

58. fundur, 28. apr. 2014

Fundur haldinn á Naustatjörn, kl. 20:00 – 22:00

Mættir: Anna Sjöfn Jónasdóttir, Gunnar Valur Eyþórsson, Bjarni Sigurðsson og Gísli Rúnar Magnússon

Fundargerð ritaði Gísli Rúnar Magnússon

1. Þrif á götum við skóla hverfisins

Hverfisnefnd fer fram á að framkvæmdadeild hlutist til um að láta sópa götur og gangstéttir við Naustaskóla og Naustatjörn hið fyrsta vegna loftmengunnar þar af völdum ryks og annars skíts. Og í framtíðinni ætti þetta að vera með fyrstu vorverkum framkvæmdadeildar.

2. Framboðsfundur í vor

Farið yfir spurningar til að senda framboðunum í sveitastjórnarkosningunum á Akureyri nú í vor. Stefnum að því að hafa fundinn þriðju vikuna í maí, þ.e. fimmtudaginn 15. maí, kl. 20-22.

Gísli biður um leyfi fyrir að fá skólann lánaðan. Anna Sjöfn sér um að senda spurningalistann á formenn framboðanna. Auglýsum í Dagskránni daginn áður. Ath! Þurfum að finna fundarstjóra.

3. Umhverfisátak 2014

Hvenær verður hafist handa við hverfisvöllinn og upphækkun á hólnum.

4. Vorhátíð Naustahverfis

Vorhátíð Naustahverfis verður haldin í samvinnu við Naustaskóla eins og undanfarin ár. Hverfisnefnd sér um pylsupartýið að venju. Að þessu sinni verður hátíðin haldin miðvikudaginn 28. maí.

Bjarni talar við Egils um gos og Kjarnafæði um pylsur

Ómar talar við Kristjáns um pylsubrauð

Anna Sjöfn talar við Bónus um sósur, steiktan oþh.

Gísli pantar pláss fyrir auglýsingu í Dagskránni og sendir þeim texta

Gunnar pantar borð og ruslatunnur hjá Akureyrarbæ og óskar eftir að láta opna hliðið upp í Naustaborgir sem og minna á að ruslið sé sótt samdægurs.

Anna Sjöfn ræðir við Ara á Greifanum og óskar eftir grillum og borðum.

5. Hjólatúr?

Þurfum endilega að fara sem fyrst í hjólatúr og taka myndir af því sem betur mætti fara í hverfinu. Gott ef hægt væri að koma því við fyrir framboðsfundinn.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 22:00. Næsti fundur, að öllu óbreyttu, áætlaður mánudaginn 12. maí kl. 20:00 á Naustatjörn.